

## Umhverfis- og framkvæmdaráð Múlapings - 95 (25.9.2023) - Aðalskipulagsbreyting, Úlfsstaðaholt, frístundabyggð

**Málsnúmer** : 202103071  
**Málsaðili** : Jónas Hallgrímsson  
**Niðurstaða (stutt)** : Vísað til nefndar  
**Fundardagur** : 25.09.2023

**Inngangur** : Fyrir umhverfis- og framkvæmdaráði liggur tillaga til auglýsingar vegna breytinga á Aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028 þar sem gert verður ráð fyrir frístundabyggð við Úlfsstaðaholt í landi Úlfsstaða. Breytingin er sett fram í greinargerð dagsett 7. september 2023. Jafnframt eru lagðar fram umsagnir sem bárust á kynningartíma vinnslutillögu en frestur rann út 13.janúar 2023.

**Niðurstaða** : Fyrir umhverfis- og framkvæmdaráði liggur tillaga til auglýsingar vegna breytinga á Aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028 þar sem gert verður ráð fyrir frístundabyggð við Úlfsstaðaholt í landi Úlfsstaða. Breytingin er sett fram í greinargerð dagsett 7. september 2023. Jafnframt eru lagðar fram umsagnir sem bárust á kynningartíma vinnslutillögu en frestur rann út 13.janúar 2023.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Umhverfis- og framkvæmdaráð samþykkir fyrirbyggjandi skipulagstillögu og leggur til við sveitarstjórn að hún verði auglýst í samræmi við 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Samþykkt samhljóða.